



Bæjarstjórn Garðabæjar 6. (846)/2019

Boðað er til 6. (846). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 4. apríl 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Dagskrá:

1. 1903043F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/3 '19
1902216 - Afgreiðsla skólanefndar á umsókn Hjallastefnunnar um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi.
1901274 – Samningur við Hrafnistu um rekstur dagdvalar, dags. 17.01.19.
2. 1903055F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/4 '19.
1709351 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Álftaness.
1811131 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Breiðumýrar á Álftanesi.
1811132 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Króks á Álftanesi.
1811133 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Helguvíkur á Álftanesi.
1811134 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Skógtjarnar á Álftanesi.
1811135 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Kumlamýrar á Álftanesi.
1903120 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn Álftaneskaffi um leyfi til viðbyggingar.
1809246 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðanna við Keldugötu nr. 2-20.
1710301 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Haukanes 15.



3. 1903045F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 27/3 '19.
4. 1903038F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 22/3 '19.
5. 1903052F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 29/3 '19.
6. 1903007F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 19/3 '19.
7. 1903033F - Fundargerð öldungaráðs frá 20/3 '19.
8. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25/3 '19.
9. 1901316 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 29/3 '19.
10. 1904035 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins SSK frá 22/3 '19.
11. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 27/2 '19.
12. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 15/3 '19.
13. 1904054 - Tillaga Garðabæjarlistans um aukið gagnsæi við framkvæmdir verkefna.
14. 1904052 - Tillaga Garðabæjarlistans um forvarnarnámskeið gegn kvíða.
15. 1806461 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2019.
16. 1811129 - Ársreikningur Garðabæjar 2018 (síðari umræða).

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar 5. (845). fundur 2019

Fimmtudaginn 21. mars 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Guðfinnur Sigurvínsson, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Gunnar Valur Gíslason, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Forseti bauð bæjarfulltrúa velkomna til fyrsta fundar í nýjum fundarsal bæjarstjórnar sem hefur verið nefndur Sveinatunga. Í Sveinatungu sem staðsett var þar sem nú er bílahús Hagkaups við Litlatún voru um árabíl bæjarskrifstofur Garðabæjar. Forseti lét í ljós þá von að þegar fram líða stundir muni þessi nýju, glæsilegu salarkynni verða lifandi rými fyrir stofnanir og starfsmenn Garðabæjar til notkunar fyrir allt sem varðar starfsemi bæjarins og koma til með að nýtast öllum bæjarbúum vel og verða Garðabæ til mikils sóma.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 7. mars 2019 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1903019F - Fundargerð bæjarráðs frá 12/3 '19.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 3. tl., minnisblað um ferðaþjónustu barna í leikskólum Garðabæjar og spurði um stöðu málsins.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 6. tl., svar við fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Við í Garðabæjarlistanum kölluðum eftir upplýsingum um kostnaðinn við framkvæmdina við þennan fundarsal sem við tökum í notkun hér í dag. Þegar farið er yfir kostnaðinn er ekki annað hægt en að staldra aðeins við.

Okkur leikur einfaldlega forvitni á að vita hvernig sú ákvörðun var tekin að fara í framkvæmd upp á 400 milljónir fyrir fundarsal.

Það er ansi vel í lagt og algjörlega á skjön við allan málflutning meirihlutans um ábyrga fjármálastjórn. Að staldra við ekki síður í ljósi þess að hér hefur hver tillagan á fætur annarri sem borin hefur verið upp að hálfu minnihlutans verið skotin í kafi vegna fjárútláta sem þær kunni að hafa í för með sér til lengri tíma. Þær hafa ekki þótt í takti við ábyrga fjármálastjórnun bæjarins.

Ég hef heyrt því skotið inn hér í málflutningi oftar en einu sinni að það skipti nefnilega máli hvort verið er að leggja til staðbundnar framkvæmdir sem hafi ekki í för með sér fjárútlát til lengri tíma. Stöldrur aðeins við 400 milljónir í staðbundið verkefni er einhvern veginn ekkert mál á meðan smávægis aðgerðir á við hækkun hvatapeninga sem t.d. þessar 400 milljónir hefðu dugað í 35- 40 ár! Eða óbreytt leikskólagjöld út kjörtímabilið og samt væri nóg eftir af þessum 400 milljónum sem hefði mátt nýta í t.d. fundarsal.

Þetta er einhvern veginn svo óborganlegt og mikill fáránleiki þegar þessi kostnaður er borinn saman við fjárfestingu í velferð og stuðningi við börn og ungmenni til að hafa tæk á að stunda þær íþróttir- og tómstundir sem í boði eru. Þeirri leiðindaraðgerð sem að auki þykir svo kostnaðarsöm til lengri tíma litið! Við sjáum öll hversu galið þetta er í stóra samhenginu. En pólitík er jú ekkert annað en forgangsroðun og hún er auðvitað misjöfn eftir því hver á í hlut.

En ég spyr:

Hvaða ramma settu bæjaryfirvöld sér um kostnað? ef einhvern?

Skipti það í alvörunni engu máli hvað verkið myndi kosta í raun?

Við í Garðabæjarlistanum köllum einfaldlega eftir agaðri fjármálastjórn. Fjármálastjórn þar sem allar framkvæmdir eru rammaðar inn ekki bara sumar og litið er á 400 milljónir sem háa upphæð sama hvert sem henni er kastað.

Fallegur er salurinn á því leikur enginn vafi en skynsamleg getur upphæðin sem í hann er varið aldrei talist.“

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., minnisblað um ferðaþjónustu barna í leikskólum Garðabæjar og svaraði fyrirspurn. Þá ræddi Gunnar 6. tl., svar við fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal og framlagða bókun.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi að nýju 3. tl., minnisblað um ferðaþjónustu barna í leikskólum Garðabæjar.

Ingvar Arnarson, ræddi 6. tl., svar við fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 6. tl., svar við fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal og 3. tl., minnisblað um ferðaþjónustu barna í leikskólum Garðabæjar.

Almar Guðmundsson, ræddi 6. tl., svar við fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 6. tl., svar við fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 6. tl., svar við fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi að nýju 3. tl., minnisblað um ferðaþjónustu barna í leikskólum Garðabæjar. Þá ræddi Harpa 6. tl., svar við fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal.

Ingvar Arnarson, ræddi að nýju 6. tl., svar við fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 6. tl., svar við fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal.

Ingvar Arnarson, ræddi að nýju 6. tl., svar við fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal.

Fundargerðin sem er 6 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 1903031F - Fundargerð bæjarráðs frá 19/3 '19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 14. tl., bréf félagsmálaráðuneytisins um móttöku flóttamanna.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 14. tl., bréf félagsmálaráðuneytisins um móttöku flóttamanna.

Almar Guðmundsson, ræddi 14. tl., bréf félagsmálaráðuneytisins um móttöku flóttamanna. Almar nefndi undir þessum lið að öldungaráð Garðabæjar hafi komið til saman til síns fyrsta fundar í vikunni.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 15. tl., bréf Útlendingastofnunar varðandi mögulega gerð þjónustusamnings vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn lóðarhafa að Smáraflöt 11 um breytingu á deiliskipulagi Flata vegna byggingar bílskúrs út fyrir byggingarreit.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda þar sem gert er ráð fyrir lóð fyrir húsnæði Alþjóðaskólans í landi Þórsmerkur. Tillagan skal kynnt á fundi þar sem íbúar aðliggjandi lóða við Ægisgrund verða sérstaklega boðaðir.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að kynna samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna landnotkunarreits 2.09 OP, sbr. tillögu að breytingu að deiliskipulagi Ása og Grunda. Tillagan skal kynnt á íbúafundi. Einnig skal tillagan kynnt aðliggjandi sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Vetrarmýrar samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga vegna stækkunar á byggingarreit fyrir viðbyggingu við golfskála GKG. Fallið er frá gerð lýsingar, sbr. heimild í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Fundargerðin sem er 16 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 1903022F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 13/3 '19.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., hvatapeninga og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að senda öllum ungmennum sem fædd eru árin 2001, 2002 og 2003 árskort í sund. Ásamt því að senda þeim árskort í sund verður þeim send hvatning um að stunda hreyfingu ásamt boði um fræðslu og kennslu í hinum ýmsu leiðum sem hægt er að nýta sér innan Garðabæjar til að stunda líkams- og heilsurækt.“

Greinargerð

Heilsuefandi samfélag er samfélag þar sem heilsa og líðan íbúa er í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum.

Þegar nýting hvatapeninga er skoðuð sést að nýting þeirra lækkar eftir því sem að börnin verða eldri. Með því að senda ungmennum árskort í sund ásamt hvatningu og boð um kennslu erum við að reyna að fá ungmenni til að hreyfa sig meira og nota þá aðstöðu sem til er í bænum. Nauðsynlegt er að fá fagfólk með í lið til að fræðsla og kennsla í hinum ýmsu leiðum til að stunda líkams- og heilsurækt verði sem best og henti sem flestum.

Kyrrseta og brottfall úr íþróttum er eitthvað sem þarf að skoða í samfélaginu og nauðsynlegt að leita leiða til að auka hreyfingu ungmenna.

Þegar börn fara að eldast minnkar oft hreyfingin. Ofþyngd barna og unglunga er hratt vaxandi vandamál í vestrænum löndum, sem við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af, en ofþyngdinni fylgja oftár ekki heilsufarsleg, sálræn og félagsleg vandamál. Nauðsynlegt er að beina sjónum sínum meira að ofneyslu og hreyfingarleysi og hættunni sem þessu fylgir. Árangursríkasta leiðin til að snúa þessari þróun við eru markvissar forvarnir og heilsuefning með megináherslu á breytingu á matarvenjum og aukna hreyfingu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., forvarnarmál í Garðabæ og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Garðabæjarlistinn hvetur fulltrúa íþrótt- og tómstundaráðs til þess að beita þeim verkfærum sem til eru til þess að uppræta fordóma og fáfræði innan íþróttahreyfinganna í garð hinsegin fólks með hinsegin fræðslu.“

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., hvatapeningar 2018 og framkomna tillögu. Gunnar lagði til að vísa framkominni tillögu til bæjarráðs. Þá ræddi Gunnar 2. tl., forvarnarmál og framkomna bókun.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., hvatapeningar 2018 og framkomna tillögu.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., hvatapeningar 2018 og framkomna tillögu. Þá ræddi Sigríður Hulda 2. tl., forvarnarmál.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 1. tl., hvatapeningar 2018 og framkomna tillögu.

Ingvar Arnarson, ræddi að nýju 1. tl., hvatapeningar 2018 og framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., hvatapeningar 2018 og framkomna tillögu.

Gunnar Einarsson, ræddi að nýju 1. tl., hvatapeningar 2018 og framkomna tillögu.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., hvatapeningar 2018 og framkomna tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að vísa framkominni tillögu til bæjarráðs.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 1903023F - Fundargerð leikskólanefndar frá 14/3 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 1903008F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 7/3 '19.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., tillögu að nýju deiliskipulagi miðsvæðis Álftaness og sagði frá fundi með íbúum. Sigurður sagði líka frá fundi með hagsmunaðilum við Lyngás varðandi breytingu á deiliskipulagi og uppbyggingu svæðisins.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 1812010F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 10/12 '18.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 1903010F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 13/3 '19.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 8. tl., tillögu að innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 8. tl., tillögu að innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, 1. tl., samstarf við Umhverfisstofnum um friðlýsingar, 2. tl., húsasorpsrannsókn, 5. tl., spillivagninn og 9. tl., afgangi umsóknar í framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 8. tl., tillögu að innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., samstarf við Umhverfisstofnum um friðlýsingar, 2. tl., húsasorpsrannsókn, 3. tl., endurheimt votlendis á Álftanesi 5. tl., spillivagninn og 10. tl., tillögu Garðabæjarlistans um endurbættan strandstíg á sunnanverðu Álftanesi.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 3. tl., endurheimt votlendis á Álftanesi.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., endurheimt votlendis á Álftanesi og 8. tl., tillögu að innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 8. tl., tillögu að innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 8. tl., tillögu að innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 8. tl., tillögu að innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Harpa Þorsteinsóttir, ræddi 8. tl., tillögu að innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., samstarf við Umhverfisstofnun um friðlýsingar, 3. tl., endurheimt votlendis á Álftanesi og 6. tl., fræðslu- og sögugöngur.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 22/2 '19.

Gunnar Einarsson, ræddi 5. tl., akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 1/3 '19.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., staðsetningu endurvinnslustöðva og 5. tl., rannsókn á innhaldi bagga.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi nýlega heimsókn bæjarfulltrúa í starfsstöð Sorpu.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 4/3 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 12/3 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 1811129 - Ársreikningur Garðabæjar 2018 (Fyrri umræða)

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri fylgdi úr hlaði ársreikningi Garðabæjar fyrir árið 2018. Gerði bæjarstjóri grein fyrir helstu niðurstöðum reikningsins og lykiltölum. Bæjarstjóri lagði til að vísa ársreikningnum til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Sigurður Guðmundsson, tók til máls.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa ársreikningi Garðabæjar 2018 til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 21. mars 2019 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
12. (1873). fundur 2019

Þriðjudaginn 26. mars 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1902061 - Rafræn skjalavistun og skráning í málakerfi Garðabæjar.**
Á fund bæjarráðs mætti Eva Ósk Ármannsdóttir, skjalastjóri Garðabæjar og kynnti rafræna skjalavistun og skráningu í málakerfi bæjarskrifstofa og stofnana bæjarins.
- 2. 1707195 - Keldugata 3 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vigni Frey Andersen, kt. 230371-5719, leyfi til að stækka einbýlishús sem er í byggingu að Keldugötu 3.
- 3. 1903093 - Rjúpnahæð 2 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Svanhildi Pétursdóttur, kt. 160365-5019, leyfi til að stækka núverandi hús að Rjúpnahæð 2.
- 4. 1903352 - Bréf Kvenfélags Garðabæjar um hátíðarhlaðborð á 17. júní, dags. 21.03.19.**
Bæjarráð tekur jákvætt í erindi um að hátíðarhlaðborð á 17. júní nk. verði í Sveinatungu, fundarsal bæjarstjórnar ásamt því að vera á innitorgi á Garðatorgi.

Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu og úrlausnar bæjarstjóra.
- 5. 1903357 - Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um almennt eftirlit með fjármálastjórn sveitarfélaga, dags. 18.03.19.**
Lagt fram.
- 6. 1902216 - Afgreiðsla skólanefndar á umsókn Hjallastefnunnar um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skólanefndar um að verða við erindi Hjallastefnunnar um leyfi fyrir kennslu á miðstigi. Forsenda fyrir leyfisveitingu er að viðeigandi húsnæði sé til staðar og að þessi aukna starfsemi dragi á engan hátt úr þeirri starfsemi sem fyrir er á leik- og grunnskólastigi.
- 7. 1811339 - Afgreiðsla skólanefndar um úthlutun á styrkjum úr þróunarsjóði grunnskóla árið 2019.**
Lögð fram afgreiðsla skólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla 2019. Alls bárust 41 umsókn í sjóðinn að fjárhæð kr. 54.000.000. Skólanefnd hefur fjallað um allar umsóknir og leggur til að úthlutað verði kr. 25.000.000 úr sjóðnum til 28 verkefna. Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður

skólanefndar gerði grein fyrir vinnu skólanefndar við úrvinnslu og mat umsókna. Bæjarráð staðfestir tillögur skólanefndar um úthlutun styrkja, sbr. 4. gr. reglna um þróunarsjóð grunnskóla.

8. 1903340 - Tillaga um að senda ungmennum sundkort.

Lögð fram eftirfarandi tillaga sem vísað var til umfjöllunar bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 21. mars sl.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að senda öllum ungmennum sem fædd eru árin 2001, 2002 og 2003 árskort í sund. Ásamt því að senda þeim árskort í sund verður þeim send hvatning um að stunda hreyfingu ásamt boði um fræðslu og kennslu í hinum ýmsu leiðum sem hægt er að nýta sér innan Garðabæjar til að stunda líkams- og heilsurækt.“

Greinargerð

Heilsueflandi samfélag er samfélag þar sem heilsa og líðan íbúa er í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum.

Þegar nýting hvatapeninga er skoðuð sést að nýting þeirra lækkar eftir því sem að börnin verða eldri. Með því að senda ungmennum árskort í sund ásamt hvatningu og boð um kennslu erum við að reyna að fá ungmenni til að hreyfa sig meira og nota þá aðstöðu sem til er í bænum. Nauðsynlegt er að fá fagfólk með í lið til að fræðsla og kennsla í hinum ýmsu leiðum til að stunda líkams- og heilsurækt verði sem best og henti sem flestum.

Kyrrseta og brottfall úr íþróttum er eitthvað sem þarf að skoða í samfélaginu og nauðsynlegt að leita leiða til að auka hreyfingu ungmenna.

Þegar börn fara að eldast minnkar oft hreyfingin. Ofþyngd barna og unglinga er hratt vaxandi vandamál í vestrænum löndum, sem við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af, en ofþyngdinni fylgja oftár en ekki heilsufarsleg, sálræn og félagsleg vandamál. Nauðsynlegt er að beina sjónum sínum meira að ofneyslu og hreyfingarleysi og hættunni sem þessu fylgir. Árangursríkasta leiðin til að snúa þessari þróun við eru markvissar forvarnir og heilsuefling með megináherslu á breytingu á matarvenjum og aukna hreyfingu.

Bæjarráð vísar tillögunni til umfjöllunar í ungmennaráði og íþróttá- og tómstundaráði.

9. 1802205 - Minnisblað um snjallvæðingu Garðabæjar

Upplýsingastjóri gerði grein fyrir minnisblaði um snjallvæðingu Garðabæjar þar sem m.a. er farið yfir að hvaða leyti Garðabær er nú þegar snjall og hvaða lausnir væri hægt að skoða nánar með því markmiði að Garðabær verði snjall og tengdur bær.

Í minnisblaðinu er lagt til að settur verði af stað vinnuhópur til að fylgja málinu eftir og móta stefnu Garðabæjar um snjalllausnir sem verður lögð fyrir bæjarráð.

Bæjarráð vísar minnisblaðinu til umfjöllunar nefnda.

10. 1901274 - Erindi Hrafnistu um samstarf við rekstur dagdvalar, dags. 17.01.19.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samkomulag við Hrafnistu um rekstur dagdvalar Ísafoldar frá og með 1. apríl nk.

11. 1903375 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, 710. mál., dags. 22.03.19.

Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 26. mars 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
13. (1874). fundur 2019

Þriðjudaginn 2. apríl 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, varamaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Björg Fengler, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1903409 - Öldrunar- og heimaþjónusta í Garðabæ - kynning.**
Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi kynnti stöðu mála varðandi öldrunar- og heimaþjónustu í Garðabæ.
- 2. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - lántaka.**
Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri mætti á fund bæjarráðs og gerði grein fyrir tillögu um lántöku, hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 500.000.000, verðtryggt með 2,30% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 15 ára. Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.
- 3. 1806461 - Staða framkvæmda 2019.**
Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur gerði grein fyrir stöðu framkvæmda samkvæmt fjárhagsáætlun 2019.
- 4. 1709351 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Álftaness.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögur skipulagsnefndar um deiliskipulag fyrir miðsvæði Álftaness, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. dagskrárliði nr. 5 - 9. Tillögurnar hafa verið auglýstar og frestur til að gera athugasemdir var frá 27. desember 2018 til 7. febrúar 2019. Fjöl margar athugasemdir bárust í athugasemdarfresti. Þær hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir svör við þeim. Tekið hefur verið tillit til athugasemda og liggja fyrir tillögur um breytingar sem fram koma undir einstaka tillögum. Þær teljast ekki breyta upphaflegum tillögum grundvallaratriðum og þarf því ekki að koma til að auglýsa tillögurnar að nýju, sbr. 4. mgr. 41. gr. skipulagslaga
Lögð eru fram drög að fornleifaskráningu húsakönnun. Með gildistöku tillagna að nýju deiliskipulagi falla úr gildi núgildandi deiliskipulög svæðanna.

Samþykktar tillögur skulu sendar Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.
- 5. 1811131 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Breiðumýrar á Álftanesi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Breiðumýri á Álftanesi samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum. Skipulagsnefnd samþykkti eftirfarandi breytingar á upphaflegri tillögu.

Íbúðum fækki í Breiðumýri um 18 eða sem nemur 2 íbúðum á hvern húskjarna (úr 270 í 252)
Nýtt ákvæði um að hús í Breiðumýri næst Suðurnesvegi, Norðurnesvegi og Skólatúni verði ekki hærri en 2 hæðir. Þau hús geta hvort heldur verið útfærð sem raðhús eða fjölbýlishús.
Nýtt ákvæði um að hús í norðvesturhorni Hestamýrar nr. 3 verði ekki hærri en 1 hæð innan þess reits sem deiliskipulagsráðgjafi lagði til á fundinum.

Sérnotafletir íbúða á jarðhæð verði stækkaðir eins og deiliskipulagsráðgjafi leggur til.

Skjólveggir á sérnotareitum verði útfærðir eins og deiliskipulagsráðgjafi leggur til.

Hámarkshæð húsa í Lambamýri lækki um 1m (úr 12m í 11m) og í Grásteinsmýri og Hestamýri um 1,5 m (úr 12 m í 10,5 m).

Byggingarreitir í Breiðumýri breikki úr 10 m í 12,5 m.

(Gildandi deiliskipulag sem staðfest var árið 2007 gerir ráð fyrir allt að 307 íbúðum á landnotkunarreit 1.23 í aðalskipulagi. Eftir breytingu á auglýstri tillögu sem lögð er til þá fækkar íbúðum um 19 og verða þá 264 íbúðir innan landnotkunarreitsins.)

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

6. 1811132 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Króks á Álftanesi.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Krók á Álftanesi samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Skipulagsnefnd samþykkti eftirfarandi breytingar á upphaflegri tillögu.

Íbúðum (raðhúsum) fækki í Króki um 3 (Svanamýri 9 og Gásamýri 23 og 25)

Gásamýri 31, 29 og 27 verði hliðrað til suðurs.

(Gildandi deiliskipulag sem staðfest var árið 2007 gerir ráð fyrir allt að 307 íbúðum á landnotkunarreit 1.23 í aðalskipulagi. Eftir breytingu á auglýstri tillögu sem lögð er til þá fækkar íbúðum um 19 og verða þá 264 íbúðir innan landnotkunarreitsins.)

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

7. 1811133 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Helguvíkur á Álftanesi.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Helguvík á Álftanesi samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Leiðrétt er misræmi í auglýstri tillögu milli uppdráttar og greinargerðar hvað varðar hámarkshæð einbýlishúsa í Helguvík. Rétt er hæð 7,5 eins og hún kom fram í greinargerð.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

8. 1811134 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Skógtjarnar á Álftanesi.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Skógtjörn á Álftanesi samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Skipulagsnefnd samþykkti eftirfarandi breytingar á upphaflegri tillögu.

Heiti Holtsbrekku verði breytt í Dalsbrekku.

Tenging Dalsbrekku verði í beinu framhaldi af Tjarnarbrekku.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

9. 1811135 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Kumlamýrar á Álftanesi.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Kumlamýri á Álftanesi samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum. Skipulagsnefnd samþykkti eftirfarandi breytingar á upphaflegri tillögu.

Hámarkshæð parhúsa í Kumlamýri lækki um 1,0 m (verði 7,5 m) Göngustígur í gegnum Kumlamýri færist suður fyrir byggðina.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

10. 1903374 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi gerð lýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi í tengslum við breytingar á deiliskipulagi Norðurness á Álftanesi.

Lögð fram.

11. 1903120 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn Álftaneskaffi um leyfi til viðbyggingar.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi við núverandi hús Álftaneskaffi verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

12. 1809246 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðanna við Keldugötu nr. 2-20.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna breytinga á lóðum við Keldugötu. Tillagan var auglýst og bærust athugasemdir og liggja fyrir svör við athugasemdum. Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

13. 1901294 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Hæðahverfis vegna lóðarinnar við Rjúpnahæð 13.

Lögð fram.

14. 1903162 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.

Lögð fram.

15. 1710301 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Haukanes 15.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Arnarness í tilefni umsóknar um stækkun byggingareits fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Haukanesi 15, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Haukaness 13, 14, 16, 17 og 18 og Þrastaness 16 og 18.

- 16. 1903272 - Leikskólinn Kirkjuból - Útboð framkvæmda við endurbætur.**
Bæjarverkfræðingur kynnti hönnunar- og útboðsgögn vegna endurbóta á húsnæði Leikskólans Kirkjubóls.
Bæjarráð samþykkir að framkvæmdin verði boðin út og útboð auglýst.
- 17. 1903416 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (neyslurími), 711. mál., dags. 25.03.19.**
Lagt fram.
- 18. 1903417 - Bréf skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins varðandi rekstraruppgjör 2018, dags. 25.03.19**
Lagt fram.
- 19. 1810028 - Lýðræðisverkefnið - reglur um rafrænar kosningar.**
Lagðar fram reglur um rafrænar kosningar vegna kosninga um hugmyndir í verkefninu „Betri Garðabær“.
- 20. 1903441 - Bréf Styrktarsjóðs EBÍ 2019 varðandi umsóknarfrest, dags. 25.03.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til fræðslu- og menningarsviðs.
- 21. 1903385 - Tölvupóstur Skipulagsstofnunar varðandi lýsingu fyrir gerð landsskipulagsstefnu um loftslag, landslag og lýðheilsu, dags. 20.03.19.**
Lagt fram til kynningar.
- 22. 1903383 - Umsókn samtakanna Plastlaus september um styrk vegna átaks á árinu 2019, dags. 13.03.19.**
Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu umhverfisnefndar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 2. apríl 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Almar Guðmundsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar
3. fundur 2019

Miðvikudaginn 27. mars 2019 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir yfirfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1903001 - Skýrsla um lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016

Skýrsla um lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016 lögð fram til kynningar og umræðu. Farið yfir helstu niðurstöður skýrslunnar en fram kemur að sérstaklega þurfi að huga að bætingu lífskjara einstæðra foreldra og barna þeirra sem og að huga að börnum öryrkja. Samkvæmt skýrslunni er fátækt barna algengust meðal barna þessara hópa. Félags- og barnamálaráðherra hefur greint frá því að skýrslan sé mikilvægt innlegg í þá vinnu sem nú stendur yfir í málefnum barna þar sem áhersla er m.a. lögð á aukinn stuðning við barnafjölskyldur til að tryggja hagsmuni barna.

2. 1902276 - Stefnumótun í málefnum barna

Stefnumótun Félagsmálaráðuneytisins í málefnum barna lögð fram til kynningar og umræðu. Endurskoðun á þjónustu við börn er hafin með ráðningu sérstaks verkefnastjóra í málefnum barna. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu þvert á ráðuneyti sem og annara aðila sem koma að þjónustu við börn, m.a. sveitarfélögin. Einnig hefur verið skipuð þverpólítísk nefnd sem falið hefur verið að leggja til breytingar á lögum, reglugerðum og framkvæmd þjónustu með áherslu á snemmtæka íhlutun og samvinnu kerfa.

Samþykkt að óska eftir því við fjölskyldusvið og fræðslu- og menningarsvið að taka saman yfirlit um þá þjónustu sem verið er að veita börnum í Garðabæ og þá mælikvarða sem eru fyrirliggjandi varðandi stöðu barna í bænum. Umrætt yfirlit verði síðan nýtt sem umræðugrunnur fyrir mótun sérstakrar stefnu um málefni barna í Garðabæ.

3. 1810028 - Tillaga um eflingu lýðræðislegra vinnubragða í tengslum við afgreiðslu á fjárhagsáætlun 2019.

Farið var yfir framkvæmd lýðræðisverkefnisins "Betri Garðabær" og stöðu þess. Fram kom að hugmyndasöfnun standi enn yfir og að fjöldi hugmynda hafi nú þegar komið fram frá íbúum Garðabæjar. Fjölskylduráð fagnar verkefninu og hversu vel það fer af stað.

4. 1902102 - Móttaka flóttamanna.

Fyrir liggur að Garðabær mun taka á móti hópi flóttafólks á næstu mánuðum. Staða málsins var kynnt fyrir fjölskylduráðien bæjarstjóri hefur sett af stað leit af húsnæði og er annar undirbúningur farinn af stað. Félagsráðgjafi fjölskyldusviðs hefur verið í góðum tengslum bæði við ráðuneyti og verkefnastjóra Mosfellsbæjar varðandi móttökuna.

Fundargerð fjölskylduráðs Garðabæjar 27. mars 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra nefndarmanna.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar

9. fundur 2019

Föstudaginn 22. mars 2019 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1711209 - Hofsstaðir - minjagarður - hugmyndahönnun

Hringur Hafsteinsson frá fyrirtækinu Gagarín var gestur fundarins undir þessum lið. Hringur fór yfir aðkomu Gagarín að margmiðlunarefni Hofsstaða sem var sett upp þegar minjagarðurinn opnaði. Einnig kynnti hann starfsemi Gagarín og hugmyndafræði við vinnslu verkefna og hugmyndafræði að sk. hönnunarfasa við að endurskoða margmiðlunarefni Hofsstaða og framsetningu þess. Rætt var um vinnu við hönnunarfásann sem ætlunin er að fari af stað með vorinu.

2. 1808274 - Þriðjudagsklassík 2019

Greint var frá þriðju og síðustu tónleikunum í tónleikaröðinni Þriðjudagsklassík sem er haldin í samstarfi við Ingibjörgu Guðjónsdóttur listrænan stjórnanda tónleikaraðarinnar. Á tónleikunum 12. mars sl. steig tónlistarhópurinn UMBRA á svið í sal Tónlistarskóla Garðabæjar og flutti þar m.a. eigin útsetningar á íslenskum þjóðlögum.

Formaður sagði frá fundi með Ingibjörgu Guðjónsdóttur þar sem rætt var um framhald tónleikaraðarinnar og ætlunin er að gera formlegan samning þar um til næstu ára.

3. 1901336 - Jazzhátíð Garðabæjar 2019

Upplýsingastjóri greindi frá undirbúningi við Jazzhátíð Garðabæjar sem fer fram dagana 25.-27. apríl nk. og farið var yfir kynningarmál. Áfram verður unnið að undirbúningi hátíðarinnar sem er undir listrænni stjórn Sigurðar Flosasonar tónlistarmanns.

4. 1903331 - Samstarf Wapp og Garðabæjar um skráningu og birtingu gönguleiða

Greint var frá samstarfi Garðabæjar og Wapp um skráningu og birtingu gönguleiða í Garðabæ sem eru aðgengilegar í smáforritinu og aðgengilegar almenningi. Gönguleiðirnar í Garðabæ eru í boði Garðabæjar, þ.e. hægt er að hlaða þær niður endurgjaldslaut. Farið var yfir tölur um hversu oft leiðirnar hafa verið hlaðnar niður.

Stefnt er að því að gera áframhaldandi samning um gönguleiðirnar í Garðabæ og skoðað verður með hvaða hætti hægt er að kynna þessar gönguleiðir í Wappinu betur. Göngu-, hlaupa- og hjólaleiðir og söguleiðir í Garðabæ í Wappinu hafa verið samstarfsverkefni menningar- og safnanefndar, umhverfisnefndar og íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar.

5. 1903330 - Ásta Dóra Finnsdóttir - Umsókn um styrk vegna píanónáms

Styrkumsókn Ástu Dóru Finnsdóttur vegna þátttöku í píanókeppnum lögð fram og rædd.

Umsóknin verður tekin fyrir aftur við umfjöllun um styrkveitingar úr Hvatningarsjóði ungra listamanna á fundi nefndarinnar í apríl.

6. 1903332 - Menningaruppskeruhátíð 2019

Menningaruppskeruhátíð Garðabæjar verður haldin miðvikudaginn 22. maí nk. í nýja fjölnota fundarsalnum Sveinatungu á Garðatorgi. Farið var yfir hvernig fyrri hátíðir hafa farið fram. Einnig var rætt um umgjörð hátíðarinnar í ár. Umræðu verður haldið áfram á næsta fundi.

7. 1808275 - Verkefni menningar- og safnanefndar 2018-2019

Greint var frá hugmynd Bókasafns Garðabæjar um samstarf við menningar- og safnanefnd um fyrirlestur fyrir almenning í Sveinatungu í apríl. Rætt var um hugmyndina og samþykkt að vera í samstarfi við bókasafnið þar um.

Framundan er opnun á tveimur sýningum í Hönnunarsafni Íslands. Sýningarnar Borgarlandslag og Veðurvinnustofa opna laugardaginn 23. mars í safninu og eru jafnframt hluti af HönnunarMars sem er haldinn í lok mánaðarins.

Einnig var sagt frá fyrirhugaðri leiksýningu á vegum Senuþjófsins eða leiksmiðjunnar Friggjar sem hefur haft afnot af sal á Garðatorgi í vetur. Þrjú stuttleikrit eftir Samuel Becket verða sýnd laugardaginn 30. mars nk. kl. 16 á Garðatorgi.

Myndlistarfélagið Gróska er einnig að undirbúa sumarsýningu félagsins sem verður sett upp á Garðatorgi og opnar á Sumardaginn fyrsta. Í ár heldur Gróska uppá 10 ára starfsafmæli félagsins. Jónsmessugleði Grósku sem er haldin með aðstoð Garðabæjar verður haldin fimmtudaginn 20. júní nk.

Farið var yfir starfsáætlun um næstu fundi og stefnt er að fundi með stjórn Hönnunarsafnsins í apríl.

Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs greindi frá fundi með Karítas H. Gunnarsdóttur, skrifstofustjóra og Baldri Þóri Guðmundssyni sérfræðingi á skrifstofu menningarmála hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem m.a. var farið yfir drög að samstarfssamningi frá árinu 2016 sem byggir á undirritun samnings frá 2006 vegna starfsemi Hönnunarsafns Íslands og rætt um mögulegar útfærslur á nýjum samningi eða samningum.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
4. fundur 2019

Föstudaginn 29. mars 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna María Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Fundurinn var haldinn í fundarsalnum Búrfelli í fyrsta sinn í nýjum húsakynnum bæjarstjórnar við Garðatorg.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1709351 - Álftanes-Miðsvæði. Deiliskipulag

Lagðar fram tillögur að deiliskipulagsáætlunum á miðsvæði Álftaness. Tillögurnar eru 5 talsins og skiptast í Breiðumýri, Krók, Helguvík, Skógtörn og Kumlamýri.

Auglýsing tillagnanna fór fram frá 27. desember 2018 til 7. febrúar 2019.

Lagðar fram athugasemdir og umsagnir sem borist hafa.

Skipulagsnefnd leggur til eftirfarandi breytingar á tillögunum og er þeim ætlað að koma til móts við athugasemdir. Umsagnir gefa ekki tilefni til breytinga á tillögum.

-Íbúðum fækki í Breiðumýri um 18 eða sem nemur 2 íbúðum á hvern húskjarna (úr 270 í 252)

-Íbúðum (raðhúsum) fækki í Króki um 3 (Svanamýri 9 og Gásamýri 23 og 25)

(Gildandi deiliskipulag sem staðfest var árið 2007 gerir ráð fyrir allt að 307 íbúðum á landnotkunarreit 1.23 í aðalskipulagi. Eftir breytingu á auglýstri tillögu sem lögð er til þá fækkar íbúðum um 19 og verða þá 264 íbúður innan landnotkunarreitsins.)

- Gásamýri 31, 29 og 27 verði hliðrað til suðurs

-Sett verði ákvæði um að hús í Breiðumýri næst Suðurnesvegi, Norðurnesvegi og Skólatúni verði ekki hærri en 2 hæðir. Þau hús geta hvort heldur verið útfærð sem raðhús eða fjölbýlishúsaíbúðir.

-Sett verði ákvæði um að hús í norðvesturhorni Hestamýrar nr.3 verði ekki hærri en 1 hæð innan þess reits sem deiliskipulagsráðgjafi lagði til á fundinum.

-Sérnotafletir íbúða á jarðhæð verði stækkaðir eins og deiliskipulagsráðgjafi leggur til.

-Skjólveggir á sérnotareitum verði útfærðir eins og deiliskipulagsráðgjafi leggur til.

-Hámarkshæð húsa í Lambamýri lækki um 1m (úr 12m í 11m) og í Grásteinsmýri og Hestamýri um 1,5 m (úr 12 m í 10,5 m).

-Hámarkshæð parhúsa í Kumlamýri lækki um 1,0 m (verði 7,5 m)

(Í auglýstri tillögu varð misræmi á milli uppdráttar og greinargerðar hvað varðar hámarkshæð einbýlishúsa í Helguvík. Rétt er hæð 7,5 eins og hún kom fram í greinargerð)

-Göngustígur í gegnum Kumlamýri færist suður fyrir byggðina.

-Heiti Holtsbrekku verði breytt í Dalsbrekka

-Tenging Dalsbrekku verði í beinu framhaldi af Tjarnarbrekku.
Skipulasstjóri leggur til efirfarandi breytingu á kynntri tillögu í kjölfar skoðunar:
-Byggingarreitir í Breiðumýri breikki úr 10 m í 12,5 m

Lögð fram drög að fornleifaskráningu sem Ragnheiður Traustadóttir er að vinna að. Niðurstöður gefa ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni. Skipulagsstjóri greinir frá því að bráðabirgðaniðurstaða húsakönnunar sem Gláma-Kím vinnur að gefur ekki tilefni til breytinga á tillögunum.

Skipulagsnefnd telur að með ofangreindum breytingum sé tillögunum ekki breytt í grundvallaratriðum og því ekki ástæða til þess að endurauglýsa tillöguna sbr.4.mgr.41 .gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Við gildistöku deiliskipulagsáætlana þessara falla úr gildi þær deiliskipulagsáætlanir sem í gildi eru innan skipulagssvæðanna.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillögunar Breiðumýri, Krók, Helguvík, Skógtjörn og Kumlamýri með ofangreindum breytingum í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

2. **1811131 - Skipulag - Breiðamýri Álftanesi, deiliskipulag.**
Sjá bókun við fundarlið 1.
3. **1811132 - Skipulag - Krókur Álftanesi, deiliskipulag**
Sjá bókun við fundarlið 1.
4. **1811133 - Skipulag - Helguvík Álftanesi, deiliskipulag**
Sjá bókun við fundarlið 1.
5. **1811134 - Skipulag - Skógtjörn Álftanesi, deiliskipulag**
Sjá bókun við fundarlið 1.
6. **1811135 - Skipulag - Kumlamýri Álftanesi, deiliskipulag**
Sjá bókun við fundarlið 1.
7. **1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes**
Skipulagsnefnd felur skipulagsstjóra að undirbúa gerð lýsingar fyrir aðalskipulagsbreytingu sem drög að deiliskipulagi Norðurness kalla á.
8. **1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag**
Þráinn Hauksson landlagsarkitekt gerði grein fyrir drögum að deiliskipulagi Norðurness. Skipulagsnefnd vísar drögum til kynningar og samráðs við landeigendur, Golfklúbb Álftaness og Fugla-og náttúruverndarfélag Álftaness.
9. **1903120 - Álftanesskaffi - stækkun - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**
Lögð fram fyrirspurn um stækkun á Álftanesskaffi um 15 m² á bakhlið.
Skipulagsnefnd samþykkir að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn í samræmi við 1. mgr. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem tillaga er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag eins og veitingastaðurinn. Umsækjanda er kunnugt um að samkvæmt

fyrirliggjandi deiliskiplagstillögu þá er kaffihús á þessum stað víkjandi mannvirki. Tryggt sé að viðbygging sé innan lóðar.

10. 1903207 - Dalsbyggð 21 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn um viðbyggingu, á ódeiliskipulögðu svæði, sem er samtals 250 m². Deiliskipulag fyrir telst ekki í gildi þar sem að það var samþykkt áður en fyrsta aðalskipulag Garðabæjar tók gildi. Vísað til frekar skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

11. 1901294 - Rjúpnahæð 13 - Smáhýsi -Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn um allt að 40 m² viðbót við smáhýsi sem áður hefur verið samþykkt á baklód með deiliskipulagsbreytingu. Skipulagsnefnd hafnar tillögu að stækkun byggingarreits fyrir smáhýsi á baklód.

12. 1809246 - Skipulag - Keldugata 2-20, dsk breyting

Lögð fram umsögn skipulagsráðgjafa dags. 20. mars 2019 að lokinni auglýsingu þar sem athugasemdir bárust.

Tillagan gerir ráð fyrir að ein fjölbýlishúsalód verði lögð af. Íbúðum í götunni fjölgar alls um 3. Með lækun byggingareits Keldugötu 14-18 mun útsýni allra íbúða við Holtsveg 23-25 aukast til muna niður að Urriðavatni, til vesturs, en með hækkun Keldugötu 20 um 1,5 metra mun útsýni íbúða á 3-5 hæð skerðast óverulega, aðallega til norðvesturs.

Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Urriðaholt vestur, Keldugötu 2-20 óbreytta, í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og með vísan í framlagða umsögn.

13. 1805161 - Haukanes 10 -Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram ný útfærsla á stækkun svala á vesthlið húss. Vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

14. 1710301 - Haukanes 15-Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram umsögn deiliskipulagsráðgjafa um tillögu að stækkun byggingarreits vegna viðbyggingar. Með vísan í framlagða umsögn vísar skipulagsnefnd tillögu um stækkun byggingarreits fyrir viðbyggingu við neðri hæð hússins til grenndarkynnningar sem óverulegri deiliskipulagsbreytingu í sarmræmi við 2.mgr.43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna skal eigendum Haukaness 13, 14, 16,17 og 18 pg Þrastaness 16 og 18.

15. 1804199 - Blikanes 14 - DSK breyting - stækkun á byggingarreit

Lögð fram umsókn lóðarhafa um stækkun byggingareits fyrir viðbyggingu við neðri hæð hússins þar sem gert verður ráð fyrir bílageymslu. Lögð fram umsögn deiliskipulagsráðgjafa sem mælir ekki með því að byggingarreitur verði stækkaður eins og tillagan gerir ráð fyrir. Umsögn vísað til skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði. Umsækjanda skal gefinn kostur á að tjá sig um niðurstöðu umsagnar.

16. 1903162 - Endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024

Lagt fram. Vísað til skipulagsstjóra og aðalskipulagsráðgjafa að veita umsögn um

lýsinguna.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
8. fundur 2019

Þriðjudaginn 19. mars 2019 kl. 17:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Sófus Gústavsson varamaður, Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar.

Vegna afgreiðslu umsókna í Þróunarsjóð grunnskóla í Garðabæ sátu eingöngu kjörnir fulltrúar þennan fund.

Í upphafi fundar óskaði formaður skólanefndar grunnskóla, Sigríður Hulda Jónsdóttir, eftir að bæta á dagskrá máli er varðar skóladagatal næsta árs. Var það samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1901342 - Skóladagatal 2019-2020

Lagt fram til umræðu

2. 1902216 - Umsókn um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi við Barnaskóla Hjallastefnunnar á Vífilsstöðum.

Skólanefnd leggur til við bæjarráð að verða við erindi Hjallastefnunnar um leyfi fyrir kennslu á miðstigi enda stuðlar það að auknum fjölbreytileika við val á skóla í bæjarfélaginu. Stöðugleiki í námsframboði er mikilvægur og forsenda fyrir leyfisveitingu er að viðeigandi húsnæði sé til staðar og þessi aukna starfsemi dragi á engan hátt úr þeirri starfsemi sem fyrir er á leik- og grunnskólastigi.

3. 1811339 - Þróunarsjóður grunnskóla 2019

Til fundarins komu fulltrúar þeirra grunnskóla í Garðabæ sem áttu umsóknir í sjóðinn og kynntu verkefni stuttlega og svöruðu spurningum nefndarmanna. Skólanefnd leggur til við bæjarráð að úthlutað verði úr Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ krónum 25.000.000.- í samræmi við reglur sjóðsins. Að þessu sinni bárust 41 umsókn í sjóðinn sem allar voru teknar til afgreiðslu. Heildarupphæð umsókna var tæpar 54 milljónir. Lagt er til að 28 verkefni fái styrk. Skólanefnd fagnar fjölda áhugaverðra umsókna sem bera vitni metnaðarfullu skólastarfi í Garðabæ.

4. 1903029 - Þróunarsjóður grunnskóla - Litlu lestrarhestarnir - framhald

5. 1903030 - Þróunarsjóður grunnskóla - Snúum okkur að íslenskunni - framhald

6. 1903031 - Þróunarsjóður grunnskóla - Stærðfræðistofan

7. 1903040 - Þróunarsjóður grunnskóla - Raunvísindi og tækni

8. 1903041 - Þróunarsjóður grunnskóla - Garðabær bærinn minn - sögurammi

9. 1903042 - Þróunarsjóður grunnskóla - Skólastofan-Instagram

10. 1903043 - Þróunarsjóður grunnskóla - Geðrækt og vellíðan nemenda
11. 1903044 - Þróunarsjóður grunnskóla - Þrautseigja og vaxandi hugarfar
12. 1903045 - Þróunarsjóður grunnskóla - Út úr grámyglunni - útivist, hreyfing og vellíðan starfsmanna
13. 1903046 - Þróunarsjóður grunnskóla - Leysum málið - klípusögur úr skólalastarfinu
14. 1903047 - Þróunarsjóður grunnskóla - Að hugsa út fyrir boxið
15. 1903048 - Þróunarsjóður grunnskóla - Skólabragur - Líðan nemenda í skólalastarfi.
16. 1903049 - Þróunarsjóður grunnskóla - Lærðu í leiðinni - fræðsluplaköt fyrir kennara
17. 1903050 - Þróunarsjóður grunnskóla - Aukin sveigjanleiki og vellíðan nemenda með adhd og kvíða innan skólasamfélagsins.
18. 1903051 - Þróunarsjóður grunnskóla - Skapandi hugsun og nýsköpun í Sjálandsskóla
19. 1903052 - Þróunarsjóður grunnskóla - STEAM - Science, Technology, Engineering, Arts and Mathematics (Vísindi, Tækni, Verkfræði, Listir og Stærðfræði)
20. 1903007 - Þróunarsjóður grunnskóla - Skoppandi skólalastarfi
21. 1903008 - Þróunarsjóður grunnskóla - „Betri enskukunnátta í alþjóðavæddu samfélagi? - Þróun námsefnis og námsmats í færnimiðaðri enskukennslu á miðstigi.
22. 1903009 - Þróunarsjóður grunnskóla - Beint í mark - markþjálfun
23. 1903010 - Þróunarsjóður grunnskóla - Nýsköpun í verkefnamiðuðu námi
24. 1903011 - Þróunarsjóður grunnskóla - Láttu tæknina vinna með þér til framtíðar
25. 1902361 - Þróunarsjóður grunnskóla - Verkferakistan - námskeið fyrir fagfólk til að vinna með hópa og einstaklinga í samskipta og félagsvanda
26. 1902362 - Þróunarsjóður grunnskóla - Raðbók. Inngangur að efnafræði.
27. 1902363 - Þróunarsjóður grunnskóla - Fjölval í Flataskóla
28. 1902364 - Þróunarsjóður grunnskóla - Uppeldi til fjármálaábyrgðar
29. 1902365 - Þróunarsjóður grunnskóla - Heilsueflandi Garðaskóli
30. 1902366 - Þróunarsjóður grunnskóla - Acuaphonics
31. 1902367 - Þróunarsjóður grunnskóla - Orðskýringarmyndbönd í líffræði
32. 1902380 - Þróunarsjóður grunnskóla - Hugur, sál og heilsa Vellíðan í skólalastarfi
- 1902381 - Þróunarsjóður grunnskóla - Innleiðing á Beinum fyrirmælum (Engelman's Direct Instruction) og fimiþjálfunar í Urriðaholtsskóla ? áframhaldandi handleiðsla grunnskólakennara
33. 1902382 - Þróunarsjóður grunnskóla - Hreyfing í Flataskóla
- 1902383 - Þróunarsjóður grunnskóla - Leikur og hreyfing yngstu barnanna í heilsueflandi skóla
35. 1902384 - Þróunarsjóður grunnskóla - Snillismiðja í Flataskóla

37. 1902390 - Þróunarsjóður grunnskóla - Vísindi í námi og leik. Náttúrufræðikennsla í 1.-4. bekk í samstarfi við HR
38. 1902391 - Þróunarsjóður grunnskóla - Innleiðing Google Classroom (G-Suite) á miðstigi í Flataskóla
39. 1902392 - Þróunarsjóður grunnskóla - Hittum í mark - vaxandi hugarfar og markmiðsstning
40. 1902393 - Þróunarsjóður grunnskóla - Vellíðan barna- þróunarverkefni - Samskiptahæfni og félagsfærni
41. 1902395 - Þróunarsjóður grunnskóla - Pokafjör - nám í gegnum leik og hlutbundna vinnu
42. 1902396 - Þróunarsjóður grunnskóla - ?Taktu skrefið? Vaxandi hugarfar ? námsvitund
43. 1902284 - Þróunarsjóður grunnskóla - Upplýsingatækni og sköpun í Hönnunarsmiðju
44. 1902286 - Þróunarsjóður grunnskóla - Google Apps for Education kennslumyndbönd

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Öldungaráð 1. fundur 2019

Miðvikudaginn 20. mars 2019 kl. 08:30 kom öldungaráð saman til fundar í Ísafold, Strikinu 3.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson aðalmaður, Anna Guðrún Hugadóttir aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Ástbjörn Egilsson aðalmaður, Ólafur J Proppé aðalmaður og Bergljót K Sigurbjörnsdóttir aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir félagsmálastjóri.

- Formaður setur fundinn
- Kynningarhringur farinn í hópnum
- Bæjarstjóri segir nokkur orð
- Starf öldrunar- og stuðningsþjónustu kynnt
- Umræður um starf Öldungaráðs á næstu misserum

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1812088 - Kosning fulltrúa í öldungaráð

Erindisbréfið lagt fram til kynningar.

2. 1901193 - Beiðni um endurskoðun á aðstöðu eldri borgara

Lagt fram til umræðu. Bæjarstjóri kom inn á húsnæðismálin í máli sínu og þá framtíðarsýn sem bærinn hefur í þeim málum. Stækkun á húsnæði til handa eldri borgurum í Garðabæ er hluti af þeirri sviðsmynd.

Fyrir liggur að húsgögnin í Jónshúsi henta ekki fyrir þá starfsemi sem þar er og þörf fyrir endurnýjun brýn. Starfsmaður dagdeildar hefur nú þegar skoðað möguleika í því sambandi.

Formaður og starfsmaður fjölskyldusviðs mun fylgja málinu eftir og upplýsa ráðið á næsta fundi í maí.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
244. fundur 25. mars 2019

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 25. mars 2019. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Harðar Þorsteinssonar, sem ritaði fundargerð.

1. *Starfsmannahald*

1.1 *Starfslok*

Guðmundur H. Einarsson lætur nú af störfum hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis. Guðmundur hefur setið alla skipulagða fundi Heilbrigðiseftirlitsins s.l. 35 ár og eru örugglega ekki mörg dæmi úr opinberri stjórnsýslu þar sem framkvæmdastjóri hefur ekki misst úr einn einasta fund á sinni starfsævi.

Heilbrigðisnefnd þakkar Guðmundi fyrir hollustuna á liðnum árum og gott samstarf.

1.2. *Starfsmat*

Nýtt starfsmat BHM hefur nú verið innleitt fyrir hluta af starfsmönnum HHK og er það afturvirkkt frá 1. júní 2018.

1.3. *Nýjar starfaskilgreiningar*

Í framhaldi af ráðningu deildarstjóra yfir matvæla- og hollustuháttasviði er lögð niður staða verkefnastjóra og hópstjórn við matvælaeftirlit og deildarstjóra falið að taka yfir þau verkefni.


2. *Ársskýrsla HHK 2018 og ársreikningur 2018*

2.1. *Ársskýrsla HHK.*

Ársskýrsla fyrir árið 2018 lögð fram. Í skýrslunni er ítarleg samantekt á verkefnum Heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2018 og þeim viðfangsefnum sem heilbrigðisnefnd hefur fjallað um á árinu. Heilbrigðisnefnd hélt 12 fundi á árinu 2018 og samkvæmt fundargerðum voru bókaðir 580 dagskráliðir og er gerð nánari grein fyrir þeim í ársskýrslunni.

2.2. *Ársreikningur 2018.*

Lögð fram drög að ársreikningi fyrir Heilbrigðiseftirlitið fyrir árið 2018. Rekstrartekjur voru 88,5 milljónir af heilbrigðiseftirlitsgjöldum og öðrum sértekjum og rúmar 22 milljónir af hundaeftirliti. Heildartekjur voru því um 4 milljónir umfram áætlun.. Rekstraráætlun gerði ráð fyrir að gjöld væru um 70% af sértekjum eftirlitsins, en niðurstaðan var að rekstrargjöld voru 63,6% af rekstrarkostnaði eða um 162,5 milljónir. Frávik frá fjárhagsáætlun skýrist að mestu af auknum launakostnaði samfara breytingum í starfsmannahaldi á árinu.

1. 

Heilbrigðisnefnd samþykktir ársskýrsluna og ársreikning fyrir árið 2018 með fyrirvara um uppáskrift endurskoðenda og staðfestingu á reikningunum.

3. Skipulagsmál

3.1. Endurskoðun á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.

Lagt fram erindi verkefnastjóra aðalskipulags Kópavogs 2012-2024, skipulagslýsing þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn um skipulagslýsingu áformaðrar endurskoðunar aðalskiplags. Heilbrigðisnefnd minnir á mikilvægi þess að skipulag á vatnsverndarsvæðum í upplandi Kópavogs verði á forsendum vatnsverndar eins og fram kemur í heilbrigðissamþykkt 555/2015 og í fylgigögnum með svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins sem samþykkt var 2015.

4. Fundargerðir

4.1. Fundargerð hollustuhóps.

Lögð fram fundargerð hollustuhóps sem hafði það verkefni að endurskoða reglugerð um hollustuhætti. Hópurinn var skipaður fulltrúum frá heilbrigðiseftirlitumsvæðum og Umhverfisstofnun.

5. Starfsleyfi

5.1. Austurgata 36, Hafnarfjörður – niðurrif

Lögð fram umsókn Ingvars Arasonar, kt. 211077-4849, dags. 5.03.2019, sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Austurgötu 36, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi.

Niðurrif húsa og annarra bygginga.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit samþykkir heilbrigðisnefnd starfsleyfi til 4.04.2019.

5.2. Fífuvellir 7, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Arons Arnar Þórarinssonar, f.h. Bolafoss ehf., kt. 540119-0310, dags. 5.03.2019 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla. Lögheimil starfseminnar er að Fífuvöllum 7, Hafnarfirði en vörugeymsla og vörudreifing er frá vöruhóтели Eimskipa. Ný starfsemi.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á íbúðarsvæði (Ma(DIII)).


Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að sá hluti starfseminnar sem er í íbúðargötu valdi ekki óþægindum fyrir nágretta.

5.3 Hraunvangur 7, Hafnarfjörður – framleiðsla eldhús

Lögð fram umsókn Ólafs Magnússonar, f.h. Hrafnistu dvalarheimili aldraðra, kt. 491177-0129, dags. 19.03.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir framleiðslueldhúsi að Hraunvangi 7, Hafnarfirði. Breyting á starfsemi.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á svæði fyrir þjónustustofnanir (Ma(DII)).

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 2 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.



5.3. *Melabraut 28, Hafnarfjörður – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Erlings Hafþórssonar, f.h. Hovdenak Distillery ehf., kt. 581018-0530, dags. 8.03.2019, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu áfengra drykkja að Melabraut 28, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2238679. Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 13.03.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags.11.03.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á iðnaðarsvæði (Ma(DII)).

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 12 ára.

5.4. *Sólvangsvegur 2, Hafnarfjörður – hjúkrunarheimili*

Lögð fram umsókn Lindu Metúsalemsdóttur, f.h. Sóltún Öldrunarþjónusta ehf., kt. 650310-0710, dags. 22.03.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir hjúkrunarheimili að Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2076501. Eigendaskipti.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á svæði fyrir þjónustustofnanir Ho(DII)(Ma(DII)).

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 2 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

5.5. *Suðurgata 14, Hafnarfjörður – félagsaðstaða*

Lögð fram umsókn Guðbjargar Magnúsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 22.03.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir félagsaðstaða með mötuneyti að Suðurgötu 14, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2079693. Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 7.03.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á verslunar og þjónustusvæði. Ho(DII)(Ma(DII)).

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 12 ára.

5.6. *Suðurgata 9, Hafnarfjörður – gistiheimili*

Lögð fram að nýju umsókn Ýr Káradóttur, f.h. Reykjavík Trading Co., kt. 700412-1480, dags. 30.01.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir minna gistiheimili að Suðurgötu 9, Hafnarfirði.

Fastanúmer: F2079684. Ný starfsemi.

Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 6.02.2019. Samræmist ekki aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Bréf sent umsækjanda, upplýsingar um svar byggingafulltrúa dags. 6.02.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á íbúðarsvæði (Ho(EII)) og hefur byggingafulltrúi í bréfi frá 25. mars veitt jákvæða umsögn um að starfsemin sé heimil á svæðinu.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

Kópavogur

5.7. Askalind 3, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Hrafnkels Magnússonar, f.h. Hlekkir sf., kt. 580906-0600, dags. 4.03.2019, þar sem sótt er um leyfi til vinnslu og dreifingar á hráefnum til matvælagarðar að Akralind 3, Kópavogi. Endurnýjun.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 12.03.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á þróunarsvæði (Ma(DII))

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

5.8. Grenigrund 6, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Kristínar Amy Dyer, f.h. Dyer ehf., kt. 640119-1950, dags. 13.03.2019 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla. Lögheimil starfseminnar er að Grenigrund 6 en vörugemysla og vörudreifing er frá Vöruhúsi Gorilla House. Ný starfsemi.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á íbúðarsvæði (Ma(DIII)).

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 4 ára með fyrirvara um að sá hluti starfseminnar sem er í íbúðargötu valdi ekki óþægindum fyrir nágranna og jafnframt að uppfylltar séu kröfur eðlugerða um merkingar á þeim vörum sem eru til dreifingar.

5.9. Hlíðasmári 8, Kópavogur – fiskverslun

Lögð fram umsókn Halldórs Halldórssonar, f.h. Hafíð Hlíðasmára ehf., kt. 690415-0700, dags. 7.03.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskverslunar að Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Nýr rekstraraðili.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 25.03.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.03.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á miðsvæði Ma(DII).

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

6. Umsagnir

Hafnarfjörður

6.7. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hafnarfjarðarkaupstað

Lagður fram tölvupóstur umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar frá 19. mars 2019 er varðar tillögu að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hafnarfirði. Tillagan hefur þegar verið samþykkt í bæjarstjórn þann 28. nóvember 2018.

Heilbrigðisnefnd mælir með samþykkt framkominnar tillögu og að hún verði auglýsa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6.8. Samþykkt um kattahald í Hafnarfirði

Lagðar fram tillögur að breytingum á samþykkt um kattahald í Hafnarfirði, ásamt athugasemdum frá Umhverfisráðuneytinu.


Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingar á samþykktum, en vekur athygli á að 13. gr. er víðtækari skylda heilbrigðisnefndar um íhlutun en áður sem getur valdið auknum kostnaði við handsömun katta.

Kópavogur

6.9. Hagasmári 1, Kópavogur –veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.02.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þrjúbíó ehf., kt. 451206-0360, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II við Hagasmára 1, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 9.10.2018. Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 28.01.2019.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.



Jón Haukur Ingvason



Linda Hrönn Þórisdóttir



Sigurður Grétarsson



Sævar Gíslason

Ingibjörg Hauksdóttir



Gnýr Guðmundsson



Reykjavík, 29. mars 2019
Fundargerð 180. fundar

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 29. mars 2019 var haldinn 180. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn á Grand hóteli og hófst kl. 12.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Rósa Guðbjartsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri, Sturla Jónsson, endurskoðandi SHS frá Grant Thornton, Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, og Lárus Finnbogason og Sunna Jóhannsdóttir frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Jón Viðar Matthíasson.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur 2018, síðari umræða

Ársreikningur SHS samstæðu 2018 lagður fram til síðari umræðu.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ársreikningur SHS samstæðu 2018, dags. 29. mars 2019.
- Endurskoðunarskýrsla vegna ársreiknings 2018, dags. 29. mars 2019.
- Ábendingar og athugasemdir vegna endurskoðunar á ársreikningi 2018, dags. 29. mars 2019.
- Umsögn endurskoðunarnefndar um ársreikning 2018, dags. 27. mars 2019.
- Samþykkt endurskoðunarnefndar á umsögn um ársreikning 2018, dags. 27. mars 2019.

Afgreiðsla: Ársreikningur SHS 2018 samþykktur og undirritaður.

2. Endurskoðunarnefnd, kynning

Lárus Finnbogason formaður og Sunna Jóhannsdóttir nefndarfulltrúi í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, sem jafnframt er endurskoðunarnefnd SHS, kynntu sig og verkefni sín.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Önnur mál


Önnur mál voru engin.

Fundi slitið klukkan 13.00.


Næsti fundur verður föstudaginn 12. apríl 2019.

Fylgiskjöl:


- Ársreikningur SHS samstæðu 2018, dags. 29. mars 2019.
- Endurskoðunarskýrsla vegna ársreiknings 2018, dags. 29. mars 2019.
- Ábendingar og athugasemdir vegna endurskoðunar á ársreikningi 2018, dags. 29. mars 2019.
- Umsögn endurskoðunarnefndar um ársreikning 2018, dags. 27. mars 2019.
- Samþykkt endurskoðunarnefndar á umsögn um ársreikning 2018, dags. 27. mars 2019.




Dagur B. Eggertsson




Ásgerður Halldórsdóttir




Haraldur Sverrisson



Ármann Kr. Ólafsson



Gunnar Einarsson



Rósa Guðbjartsdóttir



Fundargerð

88. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 22. mars 2019 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting:

Reykjavík:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson

Garðabær:

Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Sveinn Óskar Sveinsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir

Þorleifur Örn Gunnarsson

Kjósarhreppur:

Ásgeir Sveinsson, Eypór Laxdal Arnalds, G. Oddur Víðisson, Bjarney Grendal Jóhannesdóttir og Sigurður Guðmundsson boðuðu forföll. Formaður, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir setti fund og stýrði.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

1. Hafnarfjarðarvegur við Vífilstaðaveg /málsnr. 1902006

Garðabær hefur óskað eftir umsögn um tillögur að deiliskipulagsáætlunum sem snerta bráðabirgðaendurbótum á Hafnarfjarðarvegi við mót Vífilstaðavegar.

Arinbjörn Vilhjálmsson og Guðbjörg Brá Gísladóttir frá tækni- og umhverfissviði Garðabæjar kynna deiliskipulagstillögur sem nú er í auglýsingu. Athugasemdafrestur er til 8. apríl 2019.

Deiliskipulagsáætlanirnar eru forsenda þeirra framkvæmda sem Vegagerðin hyggur á nú í sumar og á árinu 2020. Tilgangur þeirra er að bæta umferðarflæði allra ferðamáta, auka umferðaröryggi og draga úr umferðatöfum sem verða á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Lyngás annars vegar og Hafnarfjarðarvegar og Vífilstaðavegar hins vegar á háannatíma árdegis og síðdegis.

Þar sem aðeins er um bráðbirgða endurbætur að ræða verður í aðalskipulagi Garðabæjar áfram gert ráð fyrir því að Hafnarfjarðarvegur verði síðar lagður í lokaðan stokk og gatnamót verði mislæg. Þær framkvæmdir eru á 3. tímabili samgönguáætlunar 2019-2033.

Vegagerðin hefur haft umsjón með gerð tillögunnar í samvinnu við Garðabæ. Í samráði við Strætó bs. verður lögð forgangsakrein fyrir almenningsamgöngur á norðurstraum Hafnarfjarðarvegs. Einnig mun aukin afkastageta gatnamótanna vinna gegn töfum á leið 23 sem ekur um Lyngás út á Álftanes og hefur tengingu við leiðir 1, 24 og 55 við Ásgarð.

Umferðarhermanir sýna að aðgerðirnar bæta ástand allra umferðarstrauma

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna enda er um bráðabirgðalausn að ræða sem bætir flæði og öryggi allra samgöngumáta þar til stokkur verður lagður á Hafnarfjarðarveg. Nefndin fagnar tillögum að forgangsrein fyrir Strætó.

2. Breyting á vaxtamörkum svæðisskipulags við Álfsnes /málsnr. 1712001

Öll sveitarfélög utan Seltjarnarness og Reykjavíkurborgar hafa samþykkt að auglýsa tillöguna. Reykjavíkurborg stefnir að samþykkja á sama tíma tillögu að aðalskipulagsbreytingu. Þegar samþykki allra sveitarfélaga liggur fyrir mun tillagan verða send Skipulagsstofnun til rýnis.

Niðurstaða:

Lagt fram til upplýsingar.

3. Aðalskipulags Kópavogs 2018-2030 /málsnr. 1903003

Skipulagslýsing til umsagnar.

Kópavogsbær hefur hafið vinnu við endurskoðun aðalskipulags Kópavogs. Óskað er eftir umsögn við lýsingu fyrir 9. apríl nk.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að þó svo að stefna aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 hafi í stórum dráttum haldið sé þörf á endurskoðun. Helstu breytingar hafa verið á talnagrunni m.a. fjölgun íbúða á ákveðnum svæðum og er það í takt við stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem tók gildi 2015 eftir gildistöku núgildandi aðalskipulags. Helstu atriði endurskoðunar:

- Yfirfara og uppfæra talnagrunn m.t.t. fjölgunar íbúa á þróunarsvæðum.
- Yfirfara og uppfæra þróunarsvæði, þéttingarsvæði, ný byggingarsvæði ásamt því að skilgreina legu Borgarlínu.
- Uppland Kópavogs. Skipuleggja landnotkun í upplandinu miðað við breytt sveitarfélagsmörk skv. úrskurði Hæstaréttar árið 2017.
- Vinna áfram og þróa rammahluta aðalskipulags og hverfisáætlanir.
- Samþætta aðalskipulag og stefnu bæjarstjórnar Kópavogs um „Heimsmarkmiðin, markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun“. Heimsmarkmiðin taka við af Staðardagskrá 21.
- Uppfæra og endurskoða með tilliti til annarra áætlana s.s. vaxtarmörk og vatnsvernd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Kópavogsbær stefnir að því að tillaga verði kynnt í lok árs 2019, auglýst á fyrri hluta árs 2020 og verði staðfest um mitt ár 2020.

Við umhverfismat verður m.a. horft til áhrifa aukinnar uppbyggingar á samgöngur og samræmi við stefnu svæðisskipulags um byggðapróun.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við lýsinguna en hvetur til að sameiginlegir grunnar sem snerta íbúðapróun verði nýttir sem best í samráði við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem einnig eru að hefja endurskoðun á sínu aðalskipulagi. Nefndin lýsir ánægju yfir þeim áformum að flétta Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í nýtt aðalskipulag.

4. U-reitur: Þróun samgöngumiðstöðvar og nánasta umhverfis /málsnr. 1903004

Ósk um umsögn.

Óli Örn Eiríksson á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkur og Ólöf Kristjánsdóttir samgönguverkfræðingur hjá Mannvit kynna skýrslu um þarfagreiningu. Skýrslan er afrakstur vinnu starfshóps Reykjavíkurborgar og Strætó bs. vegna undirbúnings samkeppni um deiliskipulag og þróun samgöngumiðstöðvar og annarrar byggðar við U-reit (BSÍ og nánasta umhverfi).

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að U-reitur er hluti af 1. áfanga Borgarlínu sem nú er verið að hefja undirbúning á sbr. samgönguáætlun 2019-2023. Mikilvægt er að bæta Borgarlínuverkefninu í hóp samráðsaðila í því samkeppnisferli sem framundan er.

5. Landsskipulagsstefna 2015-2026, viðauki /málsnr. 1903005

Skipulagslýsing til umsagnar.

Skipulagsstofnun hefur auglýst lýsingu að landsskipulagsstefnu eftir að Umhverfisráðherra fól stofnuninni að vinna við viðbætur á gildandi landsskipulagsstefnu. Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem markar stefnu um; Skipulag miðhálandis, skipulag í dreifbýli, búsetuminnstur og dreifingu byggðar (skiplag í þéttbýli) og skipulag á haf- og strandsvæðum. Kynningartími stendur til 8. apríl nk.

Ný viðfangsefni; Loftslag, landslag og lýðheilsa munu fléttast inn í gildandi stefnu. Í lýsingunni kemur fram að skipulagsferlið kunnir að leiða til dýpkunar á núverandi stefnumið eða ný bætast við.

Við mótun stefnunnar verði litið til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og jafnframt yfirfarin ákvæði gildandi landsskipulagsstefnu um skipulagsmál haf- og strandsvæða.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.

6. Önnur mál

a. Samráðleysi við ákvörðun um hámarkshraða á Hringbraut

Fulltrúar Seltjarnarness, Ragnhildur Jónsdóttir og Þorleifur Örn Gunnarsson, lögðu fram eftirfarandi bókun:

Við hörmum að ekki hafi verið haft samráð við Seltjarnarnes vegna breytingar á hámarkshraða á stofnbrautinni Hringbraut, en Hringbrautin er einn af tveimur megin-samgönguásum íbúa Seltjarnarness. Við leggjum enn fremur áherslu á að tryggð verði greið og örugg umferð um svæðið, ekki síst í hugsanlegum neyðartilvikum, og að umferðarflæði sé gott. Samráðið hefði getað falist í að ræða um allar mögulegar lausnir til að koma í veg fyrir ítrekuð umferðalagabrot. Við höfum skilning á áhyggjum íbúa svæðisins en teljum eðlilegt að einnig sé tekið tillit til samgangna Seltíminga.

Fulltrúi Reykjavíkurborgar Sigurborg Ósk Haraldsdóttir leggur fram eftirfarandi bókun:

Tekið er undir sjónarmið fulltrúa Seltjarnarness um aukið samráð og samtal milli sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:50

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 27. feb. 2019.

Fundur haldinn kl. 17.00 í Lykkju í Borgartúni 12-14

Mættir: Líf Magneudóttir, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Þórður Ingi Bjarnason, Jóna Sæmundsdóttir, Sigurgestur Gíslason, Guðmundur Grétar Karlsson og Andri Steinn Hilmarsson.

Einnig sátu fundinn René Biazzone og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Reykjanes Geopark

Rætt um mögulegt samstarf við Reykjanes Geopark í framhaldi af kynningu framkvæmdastjóra jarðvangsins og forstöðumanns Markaðstofu Reykjanes á síðasta fundi. Ýmislegt kæmi til greina en stjórnin var sammála um að samstarf ætti vera í formi samstarfssamnings, líklega um ákveðin verkefni eins og t.d. landvörslu en einnig mætti hafa samstarf um samskipti við ríkisvaldið.

Áður en farið væri í formlegt samstarf við jarðvanginn er nauðsynlegt að ljúka því að vinna samstarfssamning um Reykjanesfólkvang milli aðildarsveitarfélaganna sem rætt var um í síðustu stjórn. Samstarfssamning yrði að samþykkja formlega hjá sveitarstjórnunum.

2. Vöktun lúpínustaða í Reykjanesfólkvangi

Kynnt drög að aðgerðaáætlun til að sporna við útbreiðslu lúpínu í fólkvanginum. Drög að aðgerðaráætlun byggir á skýrslu Sjálfboðaliðasamtaka í náttúruvernd um vöktun lúpínustaða í Reykjanesfólkvangi 2013-2018 sem lögð var fram í fólkvangsstjórninni.

Á fundinum komu fram ýmsar athugasemdir ekki síst varðandi að leggja þyrfti eitthvert mat á umfang aðgerða s.s. kostnað og/eða fjölda dagsverka.

Endurskoðuð aðgerðaáætlun verður lögð fram á næsta fundi.

3. Skýrsla landvarðar

Lögð fram skýrsla landvarðar fyrir 2018.

Umræðum frestað.

4. Stjórnin samþykkti að óska eftir fundi með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um málefni fólkvangsins.

Næstu fundir 20. mars, ferð í maí

Fundi slitið kl. 18:30

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

301. fundur

Föstudaginn 15. mars 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Helga Ingólfssdóttir (HI) og Ásgeir Sveinsson (ÁS).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁÞ), sviðsstjóri fjármála og rekstrar sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Ársreikningur 2018
2. Áhættumatsskýrsla
3. Áhættugreining á útboði vegna rafræns greiðslukerfis
4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks
5. Önnur mál
 - a. Svar við fyrirspurn fulltrúa Hafnarfjarðar í stjórn Strætó.
 - b. Fundur með hagsmunaaðilum
 - c. Ársfundur Strætó
 - d. Samningar við almannavarnarnefnd og SHS kynntir
6. Verkfallsmál.

Tekið fyrir:

1. Ársreikningur 2018

Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármála og reksturs, kynnti helstu niðurstöður ársreiknings 2018.

Sturla Jónsson, endurskoðandi hjá Grant Thornton, fór yfir endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings 2018.

Lárus Finnbogason formaður endurskoðunarnefndar Strætó bs. og Sigrún Guðmundsdóttir nefndarmaður, kynntu umsögn nefndarinnar um ársreikning Strætó bs 2018.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni. Jafnframt staðfesti endurskoðandi ársreikninginn fyrir sitt leyti með undirritun sinni.

2. Áhættumatsskýrsla

Sviðsstjóri fjármála og reksturs fór yfir mat á helstu áhættuþáttum félagsins, sem skilgreindir eru í samþykktri áhættustefnu Strætó ásamt því að ræddar voru aðgerðir til að draga úr áhættunni.

3. Áhættugreining

Í eigendastefnu Strætó er tilgreint að ef fjárhæð einstakra skuldbindinga fari yfir ákveðin fjárhæðamörk, þ.e. 5% af bókfærðu eiginfé, skuli leggja viðkomandi skuldbindingu fyrir eigendafund til samþykktar áður en til hennar er stofnað.

Jafnframt er gert ráð fyrir í eigendastefnunni að stjórn Strætó láti framkvæma áhættumat fyrir fyrirhugaðar ákvarðanir um fjárfestingu og leggi ákvörðunina og áhættumatið fyrir eigendafund Strætó.

Í forsendum fjárhags- og starfsáætlun fyrir 2019 sem lögð var fyrir eigendafund 1. október 2018 og samþykkt var, er gert grein fyrir fyrirhuguðu útboði á rafrænu greiðslukerfi. Gert er ráð fyrir að heildarfjárfestingin muni vera allt að 300 m.kr., þ.e. 200 m.kr. 2019 og 100 m.kr. 2020.

Mannvit var fengið til að vinna áhættumat á fjárfestingu Strætó vegna nýs greiðslukerfis, áhættumatið var unnið af Hrönn Karólinu Sch. Hallgrímsdóttur, samgönguverkfræðingi og Jóhönnu Ástu Vilhjálmsdóttur rekstrarverkfræðingi. Mættu þær á fundinn og kynntu fyrir stjórn niðurstöður áhættumatsins.

Stjórn samþykkir að óska eftir við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) að boðaður verði eigendafundur Strætó, í byrjun apríl nk., í samræmi við eigendastefnu þar sem ákvörðun stjórnar um framangreinda fjárfestingu og fyrirbyggjandi áhættumat Mannvits verði lagt fram til staðfestingar.

4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Áframhaldandi umræður um framtíðarfyrirkomulag akstursþjónustu fatlaðs fólks, þar sem samningar við núverandi verktaka sem sjá um akstur í akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Kópavog renna út í lok árs 2019.

Jóhannes S. Rúnarsson, fór yfir helstu þætti í fyrirhuguðu útboði sem hafa verið til skoðunar hjá þeim sem bera ábyrgð á akstursþjónustu fyrir fatlaða fólk hjá Strætó og sveitarfélögunum sem standa að þjónustunni.

5. Önnur mál

- a) Svar við fyrirspurn frá fulltrúa Hafnarfjarðar í stjórn Strætó sem kom fram á fundi stjórnar 1. febrúar 2019, lagt fram.
- b) Fundur með hagsmunaaðilum verður haldinn 28. mars 2019, gert er ráð fyrir að fundurinn verði í húsnæði Strætó í Mjódd, 2. hæð og hefjist kl. 17:30.
- c) Ársfundur Strætó verður haldinn 4. apríl 2019, kl. 12:00 í Tjarnarsal í Ráðhúsi Reykjavíkur. Umræður um dagskrá. Endanleg dagskrá fundarins verður kynnt síðar.
- d) Drög að samkomulagi um endurgjaldlaust lán á strætisvögnum Strætó til slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) og almannavarnarnefnd kynnt.

Helga Ingólfssdóttir vék af fundi áður en umræður um verkfallsmál byrjaði.

6. Verkfallsmál

Jóhannes S. Rúnarsson fór yfir áhrif fyrirhugaðra verkfallsaðgerða Eflingar á starfsemi Strætó.

Ef til verkfallsaðgerða kemur mun það hafa töluverð áhrif á þær leiðir sem verktakar sjá um sérstaklega þær leiðir sem Kynnisferðir eru með, þar sem flestir þeirra starfsmenn eru félagsmenn í Eflingu.

Fundi slitið: kl. 13:05

Fylgiskjöl:

- Ársreikningur Strætó bs. 2018
- Kynning á ársreikningi 2018, dagsett 15. mars 2018
- Greinargerð með ársreikningi 2018

Björg Fengler

Hjálmar Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Tillaga Garðabæjarlistans um aukið gagnsæi við framkvæmdir verkefna Flutningsmaður Sara Dögg Svanhildardóttir

Bæjarstjórn samþykkir að birta stöðu verkefna sem eru í framkvæmdaferli með tímaás á heimasíðu Garðabæjar.

Greinagerð

Með þessari aðgerð auðveldar Garðabær íbúum að afla sér upplýsinga um þau verkefni sem eru í framkvæmd. Aukið upplýsingaflæði og gagnsærri stjórnsýsla er ærið verkefni. Að gera verkáætlanir sýnilegar og framgang verkefna gerir íbúa meðvitaðari um þau verkefni sem eru á hendi sveitarfélagsins en um leið veitir markviss gagnsæ upplýsingagjöf stjórnsýslunni mikilvægt aðhald og styður við agaða stjórnsýslu. Þegar farið er með opinbert fé er mikilvægt að halda upplýsinum að skattgreiðendum þ.e. íbúunum sjálfum.

Tillaga Garðabæjarlistans
Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Bæjarstjórn felur fræðsluviði að skoða mögulegar leiðir til þess að bjóða upp á viðurkennda fjarþjónustu í forvarnarskyni á unglíngastigi í formi forvarnarnámskeiða gegn kvíða fyrir ungmenni. Að í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 verði gert ráð 1,5 mkr. í formi styrkjar til þróunarvinnu og aðlögun námskeiðs að hluta og niðurgreiðslu námskeiðs fyrir aldurshópin 14-16 ára eða unglíngastig grunnskólans í gegnum fjarþjónustu.

Greinagerð

Tillagan er viðbragð við niðurstöðu könnunar Rannsóknar og greiningar um vaxandi kvíðaeinkenna meðal ungmenna í Garðabæ, sérstaklega meðal stúlkna með því að auðvelda aðgengi allra ungmenna að fyrstu hjálp vegna líðan.

Að auðvelda aðgengi að fyrstu hjálp getur skipt sköpum og í því falist mikið forvarnargildi. Því væri afar metnaðarfullt að fara af stað með tilraunarverkefni þar sem vaxandi kvíði er að mælast hjá t.d. stúlkum í Garðabæ. Það væri afar ábyrgt af bæjarstjórn að bregðast hratt við og auðvelda aðgengi að fyrstu hjálp og sjá hvaða áhrif það hefur. En fyrsta hjálp er talin gríðarlega mikilvæg sem inngrip til þess að koma í veg fyrir alvarlegri vanda og þróun á einkennum sem mögulega er hægt að koma í veg fyrir. Almennt er kallað eftir frekari úrræðum í formi fyrstu hjálpar eins og það er kallað til þess einmitt að sporna við alvarlegri vanda sem oft verður raunin þegar ekkert er að gert. En eins og greint hefur verið frá er ber á vaxandi einkennum á þunglindinog kvíða meðal ungmenna í Garðabæ en meðal umgmennanna í 9. og 10. bekk greina **9,11% stúlkna frá þunglyndiseinkennum og 5% drengja.**

3,52% stúlkna greina frá kvíðaeinkennum og 1,48% drengja. 20% stúlkanna skora hæst á kvíðakvarðanum.

Fjarþjónusta er fyrir margt mjög snjöll leið og góð viðbót við þá stoðþjónustu sem boðið er upp á í dag. Það sem gerir hana eftirsóknaverða eru m.a. þeir þættir sem hún hefur bein áhrif á sem eru, tímasparnaður, minni kostnaður og auðveldara aðgengi fyrir t.d ungt fólk til þess að leita sér aðstoðar þegar á þarf að halda.

Til bærstjórnar

Efni: Tillaga um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga

"Bærstjórn Garðabæjar samþykkir hér með á bærstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 500.000.000 með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem bærstjórn hefur kynnt sér.

Bærstjórn samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á byggingu á grunnskóla í Urriðaholti og viðbyggingu við grunnskóla á Álftanesi sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Gunnari Einarsyni, bærstjóra, kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns."